

**Nd.**

**702. Breytingartillögur**

**[83. mál]**

við frv. til lögræðis laga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 9. gr.
  - a. Niðurlag 1. mgr. orðist svo: en óskýlt er að sinna þeim nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu.
  - b. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytis, sbr. 17. gr., skal fjalla um alla úrskurði um sjálfræðis-, fjárræðis- eða lögræðissviptingu sem fallið hafa á grundvelli a, c, d og e-liða 3. gr. laga þessara. Skal sú umfjöllun fara fyrst fram sex mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar og síðan á eins árs fresti eftir það. Sé það álit nefndarinnar að forsendur sviptingar séu úr gildi fallnar skal hún bera fram tilmæli til héraðsdómara um að svipting verði felld úr gildi, sbr. 1. mgr.
2. Við 17. gr. Greinin hljóði svo:

Á vegum dómsmálaráðuneytisins starfar trúnaðarnefnd sem ráðuneytið skipar. Nefndina skipa lögmaður, sem er formaður hennar, geðlæknir og einn fulltrúi hins almenna borgara. Varamenn séu jafnmargir.

Dómsmálaráðuneytið leitar umsagnar hjá trúnaðarnefndinni er þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna samkvæmt 13. gr. Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna trúnaðarnefndinni þegar heimild hefur verið veitt til vistunar og skal trúnaðarnefndin kanna ástand og aðstæður sjúklings er dvelst á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun gegn vilja sínum svo fljótt sem auðið er og eigi seinna en innan viku frá innlagningu.

Nefndin setur sér vinnureglur sem samþykktar eru af ráðherra.
3. Við 18. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytisins skal veita þeim, sem vistaður er á sjúkrahúsi, sbr. 14.—17. gr., gegn vilja sínum, nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína og hvernig leita má úrskurðar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins til vistunar hans.